

Félags- og vinnumarkaðsráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 REYKJAVÍK

Kópavogi, 1. júní 2022  
GRR / 21060014

## **Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna. Mál nr. 591/2022**

### **Almennt álit**

Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR) telur jákvætt að foreldrar fái nú tækifæri til að stunda nám eða vinnu samhliða greiðslum vegna umönnunar. Teljum við þó að lögin miðist við að allir foreldrar geti unnið en það er ekki raunhæft í alvarlegustu tilfellunum (börn sem falla undir 4. og 5. þrep). Fötluð barns er viðvarandi ástand þar sem umönnun og álag þyngist gjarnan eftir því sem árin líða. Í einhverjum tilfellum er jafnvel um afturför/stöðnun að ræða og umönnun þyngist. Foreldrar þessara barna eiga oft ekki afturgengt út á vinnumarkaðinn fyrr en barnið er komið í viðvarandi búsetu. Þau börn þurfa sólarhrings umönnun og öll umönnun er að mestu í höndum foreldra því dagleg þjónusta í leikskóla og skóla er takmörkuð vegna alvarlegs ástand barnsins. Okkar skilningur á núverandi kerfi er sá að umönnunargreiðslur eigi að mæta aukinni umönnun, álagi og kostnaði en foreldragreiðslur koma í stað tekna þar sem viðkomandi foreldri getur ekki farið út á vinnumarkaðinn. Ekki er um að ræða stóran hóp, en hins vegar er þetta mjög viðkvæmur hópur og staða þessa hóps mun versna til muna við þessar lagabreytingar.

Eins viljum við lýsa þungum áhyggjum yfir þeim breytingum að umönnunarstyrkurinn verði skattskyldur. Það mun hafa bein áhrif á möguleika foreldra til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, örorkugreiðslur og jafnvel barnabætur, húsnæðisbætur og vaxtabætur. Þessar skerðingar hafa sérstaklega slæm áhrif á einstæða foreldra með fötluð börn og möguleika þeirra til tekna.

Í frumvarpinu er kveðið á um þrjár tegundir af greiðslum og getur það reynst foreldrum flókið. Þar af leiðandi getur það orðið erfitt að leita réttar síns. Mikilvægt er að þjónustuhlutverk Tryggingastofnunar verði bætt til muna, bæði hvað varðar upplýsingaskyldu og aðstoð við umsóknir.

### **Athugasemdir um einstaka greinar**

#### **8. gr.**

Fram kemur að litið verði til sértækrar þjónustu eins og skammtímadvalar til lækkunar greiðslna. Viljum við benda á að skoða þurfi skerðingar á greiðslum í hlutfalli við fjarveru barns af heimili en núverandi reglur miðast við 50% skerðingu við 8 daga vistun.

Nota ætti orðið skammtímadvöl í stað skammtímavistun.

Þó svo að það sé jákvætt að verið sé að hverfa frá því að greiningin sem slík sé höfð til grundvallar umönnunarmati þá er aukin hættu á að matið verði huglægt. Bendum við því á að SIS matið gæti verið gagnlegt til að nýta við umönnunarmatið.

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða barn með mjög skilgreindan og viðvarandi vanda ætti að vera hægt að afgreiða mat til lengri tíma en 5 ár, þar sem fyrirséð er að ástandið mun ekki lagast.

**10. gr.**

Eins og fram hefur komið höfum við áhyggjur af því að ný lög komi til með að hafa slæm áhrif á afkomu veikasta hópsins. Foreldrar barna í 5. þrepi sem í dag fá umönnunargreiðslur og foreldragreiðslur (enda hafa þeir ekki tækifæri til að stunda atvinnu) munu eingöngu fá umönnunarstyrk sem þýðir verulega lækkun ekki síst þar sem þær greiðslur verða skattskyldar.

**23. gr.**

Fyrirkomulag kostnaðargreiðslna getur valdið miklu álagi á hóp sem annars er undir viðvarandi álagi. Mikið álag felst í því að safna saman kvittunum yfir heilt ár. Höfum við áhyggjur af viðkvæmasta hópnum í þessu samhengi, eins og til dæmis seinfærum foreldrum og foreldrum af erlendum uppruna. Auk þess sem efnaminni foreldrar hafa jafnvel ekki tók á að leggja út fyrir öllum kostnaði og bíða í ár eftir mótframlagi.

Þá er mikilvægt að hafa greinagott viðmið þar sem tiltekið er hvað telst sem umfram kostnaður


Foreldrar barna sem flytja í varanlega búsetu eiga ekki lengur rétt á umönnunarstyrk/greiðslum. Mikilvægt er að þau geti sótt um kostnaðargreiðslur því allur viðbótarkostnaður vegna fötlunar fellur á foreldra.

**29. gr**

Gert er ráð fyrir að foreldra eigi rétt til styrks/greiðslu í 3 mánuði eftir andlát barns. Viljum við vekja athygli á að þetta er of stuttur tími og teljum að 4 til 6 mánuðir sé raunhæfara viðmið.

Virðingarfyllst,

f/h Ráðgjafar- og greiningarstöðvar



Hrönn Björnsdóttir, félagsráðgjafi



Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi



María Jónsdóttir, félagsráðgjafi

